


Breiðagerðisskóli
2009 – 2010



3.

Bekkur

Efnisyfirlit

Árganganámskrá.....	3
Kennarar í árganginum.....	3
Samstarf við foreldra um félagslíf í árganginum	4
Nestis og matarmál nemenda	4
Heimanám	5
Námsmat.....	5
Starfið í árganginum.....	6
Íslenska.....	7
Stærðfræði	15
Náttúrufræði og umhverfismennt.....	23
Kristinfræði, siðfræði og trúarbragðafræði	25
Lífsleikni	27
Upplýsinga og tæknimennt.....	29
Myndmennt	33
Textílmennt	35
Námsmat.....	36
Hönnun og smíði	37
Tónmennt.....	39
Heimilisfræði.....	41
Skólaíþróttir.....	43
Sund.....	45
Dans.....	46
Útikennsla.....	48
Sérkennsla	49

Árganganámskrá

Í árganganámskrá 3. bekkjar kemur fram áætlun um það helsta sem nemendur árgangsins koma til með að læra á skólaárinu. Námskrá árgangsins er samin í samræmi við Aðalnámskrá grunnskóla (2007), stefnu Reykjavíkurborgar og stefnu Breiðagerðisskóla.

Kennarar í árganginum

Anna Vigdís Ólafsdóttir	umsjónarkennari
Guðlaug Sigurðardóttir	umsjónarkennari
Guðríður Kristín Magnúsdóttir	stærðfræði
Guðbjörg Garðarsdóttir	bókasafn
Guðmundur Jörundsson	sundkennari og íþróttakennari
Halla Leifsdóttir	smíðakennari
Heba K. Hallsdóttir	talkennari
Hildur Björnsdóttir	textílmenntkennari
Hólmsfríður Þorvaldsdóttir	danskennari
Kristín Einarsdóttir	myndmenntakennari
Kristín Pétursdóttir	sérkennari
Magnea Jóhannsdóttir	námsráðgjafi
Sigurlaug Hauksdóttir	stuðningsfulltrúi
Sigrún Erla Hákonardóttir	tónmenntakennari
Steinunn Þórhallsdóttir	heimilisfræðikennari

Samstarf við foreldra um félagslíf í árganginum

Foreldrafulltrúar eru valdir úr hverjum árgangi og hafa þeir skv. 4.gr. laga Foreldrafélags Breiðagerðisskóla eftirfarandi hlutverk: að starfa með stjórn foreldrafélagsins við að efla og styrkja samstarf við foreldra innbyrðis, vinna með kennurum við skipulagningu á bekkjarfundum, skemmtunum og öðrum verkefnum. Þannig er leitast við að styrkja innra starf skólans og treysta samband heimila og skóla.

Hefð er í skólanum fyrir tveimur bekkjarskemmtunum að frumkvæði bekkjarfulltrúa, á fyrri hluta haust- og vorannar. Foreldrar hafa unnið að jólaskemmtunum með því að koma með veitingar á sameiginlegt hlaðborð.

Nestis og matarmál nemenda

Í Aðalnámskrá Grunnskóla, Almennur hluti bls.16 segir m.a. um menntun.

„Almenn menntun felur í sér að leggja í samvinnu við heimilin rækt við heilbrigði og hollar lífsvenjur”

Við skipulag og matseðlagerð í Breiðagerðisskóla hafa ábendingar frá Lýðheilsustöð verið hafðar að leiðarljósi. Lýðheilsustöð hefur sett fram heildstæðar ábendingar um almennt matarræði skólabarna. Þar er lögð áhersla á að þau börn sem borða góðan morgunverð heima ætti að nægja ávöxtur, mjólkurglas eða jafnvel vatnsglas í morgunnestinu. Nemendum í Breiðagerðisskóla gefst kostur á að kaupa hollan og næringarríkan hádegisverð. Þeir geta einnig keypt mjólk í morgun- og hádegisnesti.

Breiðagerðisskóli vill í samvinnu við foreldra stuðla að hollum lífsvenjum og vellíðan nemenda. Því viljum við hvetja til þess að börnin komi með ávexti, grænmeti eða brauð með góðu áleggi í morgunnesti. Sætindi eru eingöngu leyfð þegar við gerum okkur dagamun. Í þeim tilfellum fá foreldrar tilkynningu bréfleiðis eða með tölvupósti frá kennurum.

Í útikennslu mega nemendur gjarnan taka með sér heitt kakó, því leitast verður eftir að borða úti þegar veður leyfir.

Heimanám

Nemendur fá heimanámsáætlun fyrir eina viku í senn. Mismunandi er á hvað vikudögum heimanámsskil eru hjá nemendum. Nemendur sem skila heimanámi á þriðjudögum fá nýtt á miðvikudögum, þeir sem skila heimanámi á miðvikudögum fá nýtt á fimmtudögum og þeir sem skila heimanámi á fimmtudögum fá nýtt á föstudögum. Kennarar gefa umsögn fyrir heimanám á heimanámsáætlunina og foreldrar eru beðnir um að kvitta fyrir .

Námsmat

Námsmati í 1.-4.bekk er skipt í leiðsagnamat og lokamat.

Leiðsagnarmatið er samofið öllu námi og fer fram jafnt og þétt. Matskvarðar í list-og verkgreinum á yngra stigi er tilbúnir og farið er að vinna eftir þeim.

Matskvarðar eru tilbúnir fyrir ritun á yngra stigi og leitast verður við að vinna eftir þeim.

Lokamat er gefið tvisvar á ári í janúar og í júní. Í janúar er það afhent í viðtölum en í júní fá nemendur það afhent síðasta skóladaginn. Lokamatið er gefið í orðum

Ág. (afburðagott) 95%-100%

Mg (mjög gott) 80%-94%

G (gott) 60%-79%

Ng. (nokkuð gott) 50%-59%

Nemandi sem nær minna en 50% námsmarkmiða er ekki að vinna við hæfi.

Námsmarkmið hjá nemenda sem nær minna en 50% námsmarkmiða þarf því að endurskoða.

Starfið í árganginum

Í þessum árgangi vinnum við saman sem ein heild. Kennararnir bera sameiginlega ábyrgð á öllum nemendum og koma að kennslu allra nemenda. Árganginum er að mestu skipt upp í þrjá námshópa, rauðan, grænan og bláan hóp. Auk þess eru fjórir listgreina- og sundhópar. Allur árgangurinn fer saman í útikennslu. Árgangurinn vinnur allur saman að þemaverkefni einu sinni til tvisvar á vetri. Umsjónarkennarar eru tveir og sjá þeir um samskipti við foreldra og forráðamenn sinna umsjónarnemenda.

Markmiðið með hópaskiptingu, útikennslu og þemaverkefnum er að auka félagsfærni nemenda, efla sjálfstæði þeirra, venja þá við að vinna með ólíkum einstaklingum og koma til móts við mismunandi þarfir og áhuga nemenda eins og segir í stefnu skólans.

Nemendur í 1. – 4. bekk taka þátt í hringekju, tvo tíma í viku.

Meginmarkmið með verkefninu er:

- að efla samvinnu og tengsl milli árganga á yngsta stigi (1.- 4.bekkur)
- að efla orðaforða og lesskilning
- að koma til móts við mismunandi þarfir nemenda á fjölbreyttan hátt
- að efla skapandi skólastarf
- að auka fjölbreytni
- að efla nemendur í lýðræðislegum vinnubrögðum

Grunnurinn í stefnu Breiðagerðisskóla er sameiginleg ábyrgð á nemendum.

Verkefnið byggir á samvinnu þeirra sem koma að 1.- 4. bekk. Skólaárinu er skipt upp í nokkur þemu, sem unnið er að í ákveðinn tíma. Lögð verður áhersla á að nemendur á misjöfnum aldri vinni saman að lausn viðfangsefna. Verkefnin verða útfærð á fjölbreyttan hátt, þannig að þau koma til móts við alla nemendur og verða unnin úti sem inni.

Íslenska

Markmið í íslensku er að finna í [Aðalnámskrá grunnskóla](#)

Neðangreind markmið eru þau markmið sem við leggjum aðaláherslu á í vetur.

Byrjendalæsi

Í 1., 2. og 3. bekk er Byrjendalæsi notað við byrjendakennslu í lestri.

Byrjendalæsi byggir á samvirkum lestrarkennsluaðferðum. Í Byrjendalæsi er móðurmálskennslan heildstæð og vefur saman í eina heild lestur, ritun, málvísi, tal og hlustun. Unnið er með gæðatexta sem kennari les fyrir nemendur og orðaforði nemenda er styrktur með umræðum um hann. Fundið er lykilorð úr textanum og er það notað sem tæki til skoðunar á orðmyndun og til rannsóknar á lettri, stafainnlögn, hljóðkerfisvitund, skrift o.fl. Orðaforði úr textanum sem lesinn hefur verið, lykilorðið og ný orð sem hafa orðið til við vinnu með það eru svo nýtt áfram til umskráningar og endurtekens lestars. Ritunin kemur svo inn þegar nýr texti er unninn sem byggir á orðaforða þess texta sem upphaflega var unnið með. Mikilvægt er að vinna með lestrarkennsluna í lotum. Þátttöku nemenda má skipta í fjögur stig þ.e. sýnikennslu, þátttöku nemenda, virkni þeirra með stuðningi og sjálfstæð vinnubrögð.

Til að gera kennsluna skilvirka og fjölbreytta er nauðsynlegt að nota margvíslegar kennsluaðferðir. Með því aukast líkurnar á því að kennarinn mæti þörfum allra.

Talað mál og hlustun

Meginmarkmið

Að nemendur

- geti lesið og flutt mál sitt skýrt og áheyrilega
- geti flutt eða sungið kvæði, þulur og ljóð

- geti tjáð sig frammi fyrir bekkjarfélögum
- geti tekið þátt í samræðum
- tileinki sér þær reglur sem gilda þegar margir tjá sig í einu
- tileinki sér þær reglur sem gilda þegar fyrirmæli eru gefin og hlustað er á upplestur eða horft er á flytjendur.
- taki þátt í leikrænni tjáningu

Efnisþættir

Upplestur kennara, nemenda og annarra, framsögn, söngur, framkoma.

Leiðir að markmiðum

Nemendur hlusta á upplestur á sögum, ljóðum og þulum. Nemendur ræða efni sögunnar, einstök orð og orðasambönd. Nemendur sýna og segja frá myndum sem þeir búa til í tengslum við hvern texta. Nemendur æfa sig í að lesa upphátt hverjir fyrir aðra eigin texta og annarra. Nemendur eru þjálfaðir í því að sýna þeim sem talar virðingu með því að hafa kyrrð og næði. Nemendur eru hvattir til að rétta upp hönd og bíða eftir að röðin komi að þeim þegar þeir taka þátt í umræðum. Lögð er áhersla á að nemendur séu að hlusta af athygli þegar kennari gefur þeim fyrirmæli um verkefni eða kemur til þeirra mikilvægum skilaboðum. Nemendur syngja saman í samsöng hálfsmánaðarlega. Allir nemendur taka þátt í atriði sem sýnt er á jólaskemmtun fyrir foreldra og skólasystkini. Nemendur koma einnig fram á bekkjarskemmtunum og flytja undirbúið efni fyrir aðstandendur.

Námsgögn

Sögur, leikrit, ljóð og þulur frá ýmsum löndum. Myndir og ritsmíðar nemenda.
Sönglög.

Námsmat

Leiðsagnarmat

Framsögn og framkoma metin reglulega og rædd einstaklingslega og við hópinn sem heild. Þættir sem notaðir eru til viðmiðunar þegar komið er fram; Standa beinn í báðar fætur, láta sjá framan í sig, tala hátt og skýrt.

Þættir sem notaðir eru til viðmiðunar um framkomu áheyranda; sitja kyrr, hafa hljótt, ekki gera neitt annað en að hlusta á þann sem kemur fram.

Lokamat

Ekkert

Heimanám

Lesið upphátt heima a.m.k fimm daga vikunnar.

Ritun

Meginmarkmið

Að nemendur

- dragi rétt til stafs
- geti skrifað skýrt og læsilega og vandi allan frágang
- auki skriftarhraða sinn
- þekki stafsetningarreglur um stóran staf á eftir punkti og í sérnöfnum
- kunni að stafsetja nokkur algeng orð
- geti skrifað ljóð og stuttar frásagnir
- geti orðað og skráð hugsanir sínar, langanir og reynslu
- geti beitt mismunandi rithætti, s.s. við gerð sögu, sendibréfs,boðskorta og fræðitexta

Efnisþættir

Stafastærð, hástafir, lágstafir, bil milli orða, réttritun, sögu- og ljóðagerð, hugtakakort, leitarkort og hugarkort.

Leiðir að markmiðum:

Einstaklingsvinna:

Við lykilorðavinnu er farið í hvernig stafir í orðinu eru dregnir. Nemendur og kennari finna í sameiningu ný orð úr stöfum lykilorðsins og skrá þau í stílabækur. Nemendur nota línurnar sem hjálparlínur, lágstafir fylla eina línu og hástafir tvær.

Nemendur fá einnig þjálfunaræfingar til að þeir læri að draga rétt til stafs eftir fyrirmynd og skrifa í hefðbundnar skrifarbækur. Nemendur skrifa stafsetningaræfingar, rétt eftir réttu, þá er notast við þann texta sem verið er að vinna með hverju sinni.

Para- hópvinna:

Nemendur vinna saman tveir eða fleiri við að skrásetja orð eftir fyrirmynd á ýmsan hátt með því að nota dagblöð, tölvur, stafaöskjur, stafaspil o.fl.

Nemendur semja saman eða einstaklingslega eigin texta (sögur, ljóð, frásagnir) sem byggir að einhverju leyti á orðaforða þess texta sem verið er að vinna með í hvert skipti.

Nemendum er kennt að nota hugtakakort, leiðarkort og hugarkort við ritsmíðar.

Námsgögn

Skrift 3, sögur, leikrit, ljóð og þulur frá ýmsum löndum.

Námsmat

Leiðsagnarmat; nemendur fá munnlegar og/eða skriflegar leiðbeiningar um hvar þau eru stödd. [Hér](#) má sjá námsmatskvarða sem stuðst er við í 1. – 4. bekk í ritun Lokamat; skriftarpróf tvisvar á vetri.

Heimanám

Valin ritunarverkefni í tengslum við þau verkefni sem verið er að vinna að í skólanum.

Málvísi

Meginmarkmið

Að nemendur

- kynnist nokkrum grundvallarhugtökum málfræðinnar
- þekki hugtökin bókstaf, hljóð , orð og setningu
- þekki mun á sérhljóða og samhljóða
- læri að þekkja stafrófið og kunnir að raða í stafrófsröð
- kunnir að ríma og fá tilfinningu fyrir hrynjandi orða eða atkvæðum
- þekki mun á samnöfnum og sérnöfnum og nýti sér þá þekkingu við stafsetningu
- þekki hugtökin samheiti, andheiti, samsett orð, kyn orða, eintölu og fleirtölu
- fá tækifæri til að leika sér með tungumálið á fjölbreyttan hátt, s.s. með rími, orðaleikjum, málsháttum og orðtökum

Efnisþættir

Setningar, orð, hljóð, sérhljóðar, samhljóðar, stafrófið, rím, samnöfn, sérnöfn, samheiti, andheiti.

Leiðir að markmiðum

Í lykilorðavinnu er farið í hvern staf og hljóð hans. Lykilorð eru notuð til að fjalla um samsett orð, samheiti, andheiti og sérnöfn. Stafir lykilorðsins notaðir til að vinna með stafrófið svo og orð sem búin eru til úr lykilorðinu.

Námsgögn

Sögur, leikrit, ljóð og þulur frá ýmsum löndum. Litla Ritrún, Tvistur, ýmis sérútbúin verkefni sem taka á ofangreindum efnisþáttum, Kennsluforrit t.d., Orðakistur, Ritbjörg ,A-Ö, ABC 123, Snilliheimar, , Glói og lestrareyjan, Glói lærir að lesa,T-X10 og Lestur og stafsetning.

Námsmat

Leiðsagnarmat

Vinnubækur metnar og gefin fyrimæli um hvað betur má fara.Vinnusemi og vinnubrögð metin.

Lokamat

Skriflegt próf að vori.

Heimanám

Nemendur vinna sérútbúin verkefni sem taka á ofangreindum þáttum og tengjast viðfangsefnum í skólanum hverju sinni.

Lestur og bókmenntir

Meginmarkmið

Að nemendur

- geti lesið sér til gagns og ánægju
- auki lestrarhraða sinn og geti lesið 140 – 170 atkv. á mín. við lok 3. bekkjar
- geti lesið 140-170 atkvæði á mínútu

- auki orðaforða sinn og efli málskilning
- efli lesskilning
- kynnist fjölbreyttum bókmenntum s.s. ljóðum, þjóðsögum, ævintýrum og frásögnum
- geti valið sér bækur eftir áhugasviði
- þekki og skilji hugtökin: söguþráður, sögulok, sögupersónur og sögusvið
- noti bækur til að afla sér upplýsinga vegna verkefna
- geti lesið fyrirmæli kennara og fylgt þeim
- séu færir um að taka þátt í margskonar lestri, hljóðlestri, kórlestri, paralestri og einstaklings upplestri.

Efnisþættir

Orðaforði, bækur, sögur, leikrit, ljóð, þulur, upplestur, hljóðlestur, yndislestur, kórlestur, upplýsingaöflun, umræður.

Leiðir að markmiðum

Kennari les gæðatexta fyrir nemendur. Unnið með orðaforðann á margvíslegan hátt. Nemendur lesa upphátt hverjir fyrir aðra, í kórlestri eða fyrir kennara sögur sem unnið er með hverju sinni. Nemendur lesa ýmist upprunalega textann eða búa til sinn eigin. Nemendur æfa sig í að lesa orð úr textanum og orð sem búin voru til úr lykilorðinu með því að spila sérútbúin spil og verkefni.

Nemendur og kennarar ræða saman efni sögunnar og kennari spyr spurninga úr sögunni. Nemendur fá síðan spurningar úr sögunni sem þeir vinna einstaklingslega og að því loknu bera þeir saman bækur sínar, tveir til þrír saman.

Lögð er áhersla á að hafa texta sem verið er að vinna með sýnilegan þannig að nemendur lesi hverjir hjá öðrum .

Nemendum er búin aðstaða til að lesa sér til gagns og gamans í skólastofunni.

Námsgögn

Sögur, leikrit, ljóð og þulur frá ýmsum löndum. Sérútbúin verkefni sem reyna á lesskilning, sérútbúin spil sem reyna á tæknilegan hlið lesturs, ýmsar lestrarbækur við hæfi hvers og eins.

Námsmat

Leiðsagnarmat

Vikuleg umsögn á heimanámsáætlun . Þá er metið hversu duglegir nemendur eru að lesa heima (viðmið 5 sinnum í viku). Nemendur lesa upphátt fyrir kennara og fá hvatningu og hrós.

Lokamat

Hraðlestrarpróf og lesskilningspróf eru lögð fyrir tvisvar á vetri.

Heimanám

Nemendur lesa heima a.m.k. fimm daga vikunnar. Bækurnar eru valdar út frá getu hvers og eins.

Stærðfræði

Markmið í stærðfræði er að finna í [Aðalnámskrá grunnskóla](#).

Neðangreind markmið eru þau markmið sem við leggjum aðaláherslu á í vetur.

Stærðfræði og tungumál

Meginmarkmið

Að nemendur

- geti lesið og skrifað náttúrulegar tölur allt að 10000
- lesi texta um stærðfræðileg viðfangsefni og greini um hvað hann fjallar
- noti stærðfræðileg hugtök til að lýsa hlutum eða fyrirbrigðum t.d. leikföngum eða hlutum úr umhverfinu
- semji sögur um stærðfræðileg verkefni
- túlki niðurstöður útreikninga á grundvelli gagnasöfnunar, munnlega, með skýringarmyndum og táknmáli stærðfræðinnar
- útskýri fyrir kennara og bekkjarfélögum hvernig hann leysir verkefni með aðstoð hluta, myndrænna- eða tölulegra skýringa
- þjálfist í að skrá svör sín við dæmum með því að nota talnatákn og aðgerðarmerki

Lausnir verkefna og þrauta

Meginmarkmið

Að nemendur

- vinni með öðrum að lausn þrauta, ræði um og prófi mismunandi lausnarleiðir og skýri lausnarferli sitt fyrir öðrum
- leysi þrautir þar sem beita þarf útreikningum við úrlausn vandamála
- vinni með tölvuforrit þar sem leysa þarf þrautir

- leysi og búi til þrautir sem tengjast skólastarfinu og viðfangsefnum daglegs lífs
- temji sér að prófa lausnir í samhengi við upphaflegt verkefni

Röksamhengi og röksemdafærslur

Meginmarkmið

Að nemendur

- fari í leiki og spil sem reyna á m.a. talnavinnu, rúmfræði, rökhugsun og hugkvæmni
- þjálfist í að gera grein fyrir niðurstöðum sínum og færa rök fyrir þeim
- meti hvort fullyrðingar eru sannar

Tengsl við daglegt líf og önnur svið

Meginmarkmið

Að nemendur

- fáist við viðfangsefni sem tengjast daglegum veruleika þeirra og að þeir geri sér grein fyrir að þessi vinna hefur merkingu fyrir þá sjálfa
- læri að tengja og nota peninga við stærðfræðilausnir og tengi það hinu daglega lífi
- vinni með peninga/kennslupeninga, flokki eftir tegund myntar og telji saman ákveðna upphæð
- reikna út kostnað við kaup á ýmsum varningi, greiði með peningum og reikna hvað skal gefa til baka
- lesi og skrái á hitamæli t.d. með að fylgjast með veðrinu
- vinni með tímatal, m.a. vikur, mánuði og ár
- vinni með klukku, bæði talna- og skífuklukku
- skoði og mæli umhverfi með tilliti til flatarmáls

- þjálfist í að mæla hluti, vegalengdir og ummál í umhverfinu og leggja mat á hvaða mælieiningar eru heppilegar að mæla tiltekna hluti

Tölur

Meginmarkmið

Að nemendur

- skilji inntak og geti lesið og skrifað háar náttúrulegar tölur
- sýni skilning á tugakerfinu sem sætiskerfi, t.d. með því að nota áþreifanlega hluti s.s. sætisgildiskubba og myndir
- þekki sléttar tölur og oddatölur
- geti unnið með tölur á talnalínu, neikvæðar og jákvæðar

Reikniaðgerðir reiknikunnátta og mat

- **Meginmarkmið**

Að nemendur

- leysi verkefni úr daglegu umhverfi sínu þar sem leggja þarf saman, draga frá, margfalda og deild til að finna lausnir
- geti notað fjölbreyttar aðgerðir við samlagningu, frádrátt, margföldun og deilingu
- skilji að margföldun er endurtekin samlagning
- skilji að deiling er skipting eða endurtekinn frádráttur
- þekki mun á flatarmáli og ummáli
- þjálfist í að nota mismunandi gögn við úrlausn verkefna s.s. smáhluti, talnagrindur, kubba, peninga, reiknivélar, talnatákn, aðgerðarmeki og skýringamyndir
- sýni tilfinningu fyrir tölum og stærðum þannig að þeir geti lagt mat á hvort útkoma úr reikningsdæmi er sennileg
- geti námundað að næsta tug og hundraði til að einfalda reikninga

- þjálfist í að nota þekkingu sína við hugarreikning

Hlutföll og prósentur

Meginmarkmið

Að nemendur

- geti notað og þekki hugtökin tvöfalt, þrefalt og fjórfalt, helmingur, þriðjungur og fjórðungur. bæði í sambandi við hluti, tölur og aðrar stærðir
- skilji hvað átt er við með orðunum “stækkun” og “smækkun” og geti stækkað og smækkað flatarmyndir, t.d. með því að nota pinnabretti o.fl.

Mynstur og algebra

Meginmarkmið

Að nemendur

- geti kannað, búið til og tjáð sig um reglur í talnamynstrum og öðrum mynstrum og spáð fyrir um framhald mynsturs
- geti leyst einföld dæmi þar sem eyður eru notaðar til að tákna óþekkta stærð í jöfnu

Rúmfræði

Meginmarkmið

Að nemendur

- geti mælt lengd hluta með reglustiku eða málbandi
- þekki helstu mælieiningar kg, g, km, m, cm, mm
- finni flatarmál með að telja ferninga í fleti
- geti talið út hnit heilla talna inn í hnitakerfi og teiknað hluti inn í það
- búi til tvívíða og þrívíða hluti, ræði heiti hlutanna horn, brúnir, hliðarfleti og eiginleika þeirra

Tölfræði og líkindafræði

Meginmarkmið

Að nemendur

- geti gert rannsóknir á umhverfi sínu, telji, flokki, skrái og lesi úr niðurstöðum
- geri einföld súlurit um áhugamál sín eða annað sem tengist daglegu lífi

Efnisþættir

Samlagning, frádráttur, margföldun, deiling, námundun, almenn brot, flatarmál, rúmfræði, klukkan, tímatal, hnit, súlurit og töflur, mælingar (lengd/þyngd), form (hringur, ferhyrningar (rétthyrningur og ferningur) þríhyrningar), munsturvinna, hliðrun, speglun, talnamynstur, talnaskilningur.

Leiðir að markmiðum

Kennsla fer aðallega fram sameiginlega í litahópum með innlögn í upphafi hvers kennsluþáttar, með umræðum, sýnidæmum á töflu, með myndvarpa og hlutbundinni kennslu. Nemendur vinna einstaklingslega. Einnig er stöðvavinna, könnunarnám, val og útikennsla. Nemendur vinna hlutbundið með námsgögn stærðfræðinna (kubba, talnagrindu, kennslupeninga o.fl.) Mikilvægt er að öll kennslutæki séu nemendum innan seilingar s.s. kennslupeningar, kubbar, speglar, málbönd, reglustikur o.fl.

Nemendur fara í vettvangsferðir, gera athuganir á umhverfinu og vinna úr niðurstöðum. Stærðfræði kemur mikið við sögu í útikennslunni. Nemendur kynna niðurstöður sínar munnlega (stærðfræðilegar umræður), skriflega og myndrænt. Leitast er við að tengja stærðfræði við aðrar námsgreinar.

Nemendur nota námsleiki og spil.

Nemendur fylgjast að í sömu bók en komið er á móts við ólíkar þarfir nemenda með mismunandi útfærslu viðfangsefna.

Námsgögn

Eining 5 og Eining 6 ásamt verkefnablöðum sem unnin eru samhliða. Viltu Reyna bækurnar eftir getu hvers og eins og valin verkefni úr stærðfræðiheftunum 1A, 1B , 1C, 2A , 2B og 2C. Nemendur vinna í Línu 3,4 og 5 sem eru bækur til frekari þjálfunar á því sem er verið vinna í í Einingabókunum. (Línubækur eru einnig notaðar sem heimanámsbækur). Vinnublöð sem tengd eru Einingabókunum eru sömuleiðis notuð. Vasareiknibækur hefti 1 til 4. Aukahefti af skólavefum eru auk þess notuð. Kennarar útbúa sérstök heimanámshefti fyrir nemendur. Önnur námsgögn: kubbar, pinnabretti, kennslupeningar, málbönd og mælistikur, vasareiknar, vogir, speglar, klukkur, brotabútar og ýmis spil. Tölvur og tölvuforrit eins og Glói í stærðfræði, Snilliheimar, Talnalínan, Eining, Þrír í röð, Leikver, Klukkan, Snót og Snáði, Hellulögn, Talnaspil, Slönguspil o.fl.

Námsmat

Leiðsagnarmat, nemendur fá umsögn í einstaklingsviðtölum vikulega um heimavinnu sína. Þá fá þeir leiðbeiningar um hvað vel er gert og hvað betur mætti gera og hvað þurfi að taka fyrir næst. Auk þess sem þeim er gefið leiðsagnarmat jafnt og þétt í kennslustundum til að hvetja og örva nemendur. Námsbækur nemenda eru yfirfarnar reglulega til að kanna hvernig nemendi vinnur og hvort hann er að skilja námsefni.

Heimanám

Nemendur vinna í þar til gerðar heimanámsbækur og skila heimanámi einu sinni í viku. Þar fá þeir frekari þjálfun í því sem verið er að vinna í skólanum. Kennari fer yfir heimanám.

Samfélagsfræði

Markmið í samfélagsfræði er að finna í [Aðalnámskrá grunnskóla](#)

Neðangreind markmið eru þau markmið sem við leggjum aðaláherslu á í vetur.

Meginmarkmið

Að nemendur

- átti sig á hlutverki bílsins í lífi nútímafólks
- skoði bæði jákvæð og neikvæð áhrif bílsins á líf okkar
- fái tækifæri til að tengja vinnu sína inn á heimilið með umhverfissjónarmið í huga
- þekki helstu hluta bílsins
- kynnist höfuðáttunum og kynnist því að nota kort. Læri að nýta tákni við gerð einfaldra korta.

Efnisþættir

Samgöngur í nútíð og fortíð, hlutar bílsins, notkunarmöguleikar hans, kortalestur, kortagerð.

Leiðir að markmiðum

Fræðitexti er notaður og hann krufinn til mergjar með aðferðum byrjendalæsis. Hugtakakortagerð notuð til að dýpka skilning nemenda á viðfangsefninu. Spil og leikir notaðir til að efla skilning á nýjum hugtökum og staðreyndum. Nemendur vinna einstaklingslega og í hópum. Leitast er við að vettvangsferðir og útikennsla sé tengd efnisþáttum samfélagsfræðinnar.

Námsgögn

Komdu og skoðaðu bílinn. Kostuleg kort og gröf. Myndbönd, valdar fræðslubækur og fróðleikur af netinu. Kennsluforrit tengd námsefninu Komdu og skoðaðu.

Námsmat

Leiðsagnarmat

Lagt verður mat á vinnu nemenda, virkni og hlustun í tímum og vinnubók.

Lokamat

Lagt verður mat á vinnu nemenda yfir veturinn, vinnubækur og virkni í tímum metin að vori.

Heimanám

Ekkert

Náttúrufræði og umhverfismennt

Markmið í náttúrufræði er að finna í [Aðalnámskrá grunnskóla](#)

Neðangreind markmið eru þau markmið sem við leggjum aðaláherslu á í vetur.

Meginmarkmið

Að nemendur

- læri að umgangast náttúruna af virðingu og geri sér grein fyrir mikilvægi hreinnar náttúru
- læri að þekkja helstu smádýr í nánasta umhverfi
- þekki búsvæði og fæðu nokkurra smádýra
- þekki algengustu trjátegundir á Íslandi
- geti nafngreint nokkur íslensk fjöll
- átti sig á hvernig fjöll eru sýnd á landakorti
- átti sig á að öll eru fjöllin ólík og hafa orðið til á ýmsa vegu
- geri sér grein fyrir því að landið er alltaf í mótun
- kynnist hugmyndum manna um uppbyggingu alheimsins
- þekki gerð og eiginleika sóla og reikistjarna
- þekki sólkerfi okkar og nokkur einkenni þess

Efnisþættir

Smádýr, fjöll, gerð þeirra og fjölbreytileiki og sérkenni íslenskrar náttúru, sólkerfi okkar og reikistjörnur þess. Helstu trjátegundir á Íslandi, helstu einkenni þeirra. Skipting trjáa í lauftré og barrtré

Leiðir að markmiðum

Fræðitexti er notaður og hann krufinn til mergjar með aðferðum byrjendalæsis. Hugtakakortagerð notuð til að dýpka skilning nemenda á viðfangsefninu. Spil og leikir notaðir til að efla skilning á nýjum hugtökum og staðreyndum. Nemendur vinna einstaklingslega og í hópum. Leitast er við að vettvangsferðir og útikennsla sé tengd efnisþáttum náttúrufræðinnar.

Námsgögn

Komdu og skoðu fjöllin. Komdu og skoðu himingeiminn, Tré, myndbönd, valdar fræðslubækur, fróðleikur af netinu, valin verkefni til tilrauna/athuganna. Kennsluforrit tengd námsefninu Komdu og skoðu.

Námsmat

Leiðsagnarmat

Lagt verður mat á vinnu nemenda, virkni og hlustun í tímum og vinnubók.

Lokamat

Lagt verður mat á vinnu nemenda yfir veturinn, vinnubækur og virkni í tímum metin að vori.

Heimanám

Ekkert.

Kristinfræði, siðfræði og trúarbragðafræði

Markmið í kristinfræði er að finna í [Aðalnámskrá grunnskóla](#)

Neðangreind markmið eru þau markmið sem við leggjum aðaláherslu á í vetur.

Meginmarkmið

Að nemendur

- kynnist völdum frásögnum úr Gamla og Nýja testamentinu
- auki við þekkingu sína á atburðum tengdum jólum, pálmásunnudegi, skírdegi, föstudeginum langa og páskadegi
- læri að þekkja nokkur tákn kristinnar trúar
- kynnist öðrum trúarbrögðum s.s Búddadómi og hindúasið

Efnisþættir

Valdar sögur úr nýja og gamla testamentinu. Helstu hátíðir kristinna manna, jólaguðspjallið og jólasálmur, kynning á Búddatrú og hindúasiði. Kirkjurnar okkar og umhverfi þeirra svo sem kirkjugarðar og tákn.

Leiðir að markmiðum

Texti er tengist trúarbrögðum notaður og hann krufinn til mergjar með aðferðum byrjendalæsis. Spil og leikir notaðir til að efla skilning á nýjum hugtökum og staðreyndum. Nemendur vinna einstaklingslega og í hópum. Leitast er við að vettvangsferðir og útikennsla sé tengd efnisþáttum kristinfræðinnar.

Nemendur setja upp helgileik (jólaguðspjallið) sem þeir flytja fyrir nemendur skólans og aðstandendur á litlu jólunum.

Námsgögn

Stjarnan, myndbönd, efni af netinu, kirkjurnar okkar og umhverfi þeirra svo sem kirkjugarðar og tákni, leikrit og sálmar.

Námsmat

Leiðsagnarmat

Lagt verður mat á vinnu nemenda, virkni og hlustun í tímum og vinnubók.

Lokamat

Lagt verður mat á vinnu nemenda yfir veturinn, vinnubækur og virkni í tímum metin að vori.

Heimanám

Ekkert.

Lífsleikni

Markmið í lífsleikni er að finna í [Aðalnámskrá grunnskóla](#)

Neðangreind markmið eru þau markmið sem við leggjum aðaláherslu á í vetur.

Meginmarkmið

Að nemendur

- læri að skilja aðra og láta sér lynda við þá
- læri að leysa úr vanda og noti til þess félagslegan skilning
- kunni að umgangast reiði og draga úr æsingi

Efnisþættir

Hlustun, setja sig í spor annarra, innlifun og sjálfstjórn

Leiðir að markmiðum

Kennslustund hefst ýmist með leik, söng eða leikþætti (upphitun). Síðan er tekið fyrir ákveðið viðfangsefni með því að nota sögur, brúðuleikrit eða myndir. Umræður um viðfangsefnið. Að því loknu fara krakkarnir í hlutverkaleik sem tengist því sem um var rætt.

Viðfangsefni lífsleikninnar tengjast daglegu skólastarfi órjúfanlegum böndum og leitast verður við að styrkja hæfni nemenda í leik og starfi.

Námsgögn

Stig af stigi, handbrúður, myndaspjöld og veggspjöld

Námsmat

Leiðsagnarmat

Nemendum er leiðbeint jafnóðum munnlega.

Heimanám

Ekkert

Upplýsinga og tæknimennt

Markmið í upplýsinga og tæknimennt er að finna í [Aðalnámskrá grunnskóla](#)

Neðangreind markmið eru þau markmið sem við leggjum aðaláherslu á í vetur.

Meginmarkmið

Að nemendur

- tileinki sér jákvæða afstöðu til tölvunnar
- læri og þjálfist í að nota rétta fingrasetningu og líkamsbeitingu
- venjist upplýsingatækni og tölvunotkun sem eðlilegum þætti náms
- geti skrifað texta í ritvinnslu og sett inn myndir
- geti notað tölvu til að skrifa einfaldan texta og prentað út
- kynnist kennsluforritum tengdum flestum námsgreinum
- geti notað tölvu til að semja eigið efni
- kunni að vista skjöl og ná í skjöl
- læri að leita sér upplýsinga á Netinu

Efnisþættir

Uppsetning texta (ýmsir möguleikar kynntir), myndskreyting við texta, möppukerfi tölva, lyklaborð - flýtylklar, fingrasetning, líkamsbeiting og leit upplýsinga á Netinu.

Leiðir að markmiðum

Í kennslustundum fá nemendur ýmist tækifæri til að vinna við ritvinnslu eða í kennsluforritum. Unnið er markvisst að þjálfun í notkun tölvunnar til alls náms og þekkingarleitar. Samþætting við aðrar námsgreinar er höfð að leiðarljósi og

eru verkefni sérstaklega valin með það í huga.

Námsgögn

Forritið Word, Internetið, leitarforritin google.is og leit.is, kennsluvefir, ritþjálfari og ýmis kennsluforrit.

Námsmat

Leiðsagnarmat

Lagt verður mat á vinnu/verkefni og áhuga nemenda svo sem virkni í tímum og hvort nemandi hafi náð að tileinka sér þau markmið sem sett eru. Í ritþjálfara er villufjöldi og hraði skráður jafnóðum.

Heimanám

Ekkert en nemendur eru hvattir til að nota það sem þau hafa lært í skólanum t.d. fingrasetningu, flýtleiðir og líkamsbeitingu þegar unnið er við tölvu annars staðar en í skólanum.

Upplýsingalæsi

Meginmarkmið

Að nemendur

- læri grunnatriði um uppröðun skáldrita
- þekki hlutverk einstakra hluta bókar, s.s. bókarkápu, kjalar, titilblaðs, efnisyfirlits, atriðisorðaskrár
- geti leitað eftir efnisyfirliti og atriðisorðaskrá
- geti notað léttar orðabækur
- séu hvattir til lesturs

Efnisþættir

Skáldrit, bækur, efnisyfirlit, atriðaorðaskrár, endursögn, hlustun, lestur, orðabækur.

Leiðir að markmiðum

Kennsla í menningar- og upplýsingalæsi er samofin og fer fram á bókasafninu. Hvert efni er rætt og kynnt og unnið út frá því. Upplestur og frjálsir tímar eru m.a. hluti af kennslunni. Í frjálsum tímum kynnast nemendur safninu á eigin forsendum, hjálpa t.d. við útlánaþáttinn og aðstoða við að raða bókum í hillur. Unnið með verkefni við hæfi hverju sinni ásamt gögnum á safninu. Unnið í hópum þegar það á við.

Námsgögn

Í skólasafninu 2, höfundar: Helga Möller og Jónína Friðfinnsdóttir. Ýmis verkefni eru útbúin og safngögn notuð jöfnum höndum.

Námsmat

Bókasafnsfræðingur metur m.a. virkni og vinnu í tímum og gefur umsögn til umsjónarkennara.

Heimanám

Ekkert.

Menningarlæsi

Meginmarkmið

Að nemendur

- þekki mismunandi tegundir bókmennta, s.s. ævintýri, þjóðsögur, ljóð, þulur, myndabækur, skáldsögur og teiknimyndasögur

- hafi kynnst íslenskum sem erlendum barnabókahöfundum og verkum þeirra
- hafi reglulega fengið lánaðar bækur og önnur gögn á skólasafninu
- þekki helstu söfn í næsta nágrenni við skólann
- fái hvatningu til lesturs

Efnisþættir

Bókasöfn, bækur, hlustun, verkefnavinna, bókmenntir, lestur, ævintýri, þjóðsögur, ljóð, þulur, myndabækur, teiknimyndasögur.

Leiðir að markmiðum

Kennsla í menningar- og upplýsingalæsi er samofin og fer fram á bókasafninu. Hvert efni er rætt og kynnt og unnið út frá því. Upplestur og frjálssir tímar eru hluti af kennslunni. Í frjálsum tímum kynnast nemendur safninu á eigin forsendum, hjálpa m.a. við útlánaþáttinn. Verkefni við hæfi hverju sinni útbúin ásamt gögnum á safninu. Unnið í hópum þegar það á við.

Námsgögn

Í skólasafninu 2, höf. Helga Möller og Jónína Friðfinnsdóttir. Verkefni við hæfi útbúin ásamt safngögnum.

Námsmat

Bókasafnsfræðingur metur m.a. virkni í tímum og gefur umsögn til umsjónarkennara.

Heimanám

Ekkert.

Myndmennt

Markmið í myndmennt er að finna í [Aðalnámskrá grunnskóla](#)

Neðangreind markmið eru þau markmið sem við leggjum aðaláherslu á í vetur.

Meginmarkmið

Að nemendur

- hlusti vel í upphafi kennslustundar
- vandi vinnubrögð og góður frágangur verkefna
- sýni góða framkomu og samvinna nemenda
- sýni góða umgengni um efni, áhöld og húsgögn í kennslustofu
- geti tjáð og lýst eigin reynslu, skoðunum og tilfinningum á myndrænan hátt, úr fjölbreyttu efni og með fjölbreyttum aðferðum.
- þekki grunnhugtök sem tengjast myndlist s.s. frumliti og grunnform og Listasögu
- upplifi myndlist sem jákvæðan og skemmtilegan þátt í tilverunni, með eigin vinnu og styrki sjálfsmynd þeirra.

Leiðir að markmiðum

Við upphaf hvers verkefnis í myndmenntakennslunni skipar innlögnin mikilvægan sess, henni er síðan fylgt eftir með viðeigandi myndefni sem getur ýmist verið úr bókum, veggspjöldum, mynddiskum eða spólum. Hlustun á sögur, ævintýri, ljóð og tónlist styðja við innlögn í mörgum verkefnum .

Umræður um það sem hlustað er á og það sem fyrir augu ber. Vettvangsferðir eru farnar til þess að skoða og athuga hluti og aðstæður í umhverfinu og taka myndir til þess að vinna með. Heimsóknir á sýningar og söfn þegar því verður

við komið. Nemendur vinna saman í hópum eða einstaklingslega. Þátttaka í þemavinnu í árgöngum, námshópum og minni hópum.

Efnisþættir

Eru litافرæði, formfræði, myndbygging og Listasaga, áherslan eftir aldri nemenda. Teiknun, málun, klipp, þrykk og mótun úr fjölbreyttu efni og með ólíkum áhöldum. Í nokkrum verkefnum koma fleiri en einn þáttur við sögu og kallast það blönduð tækni.

Námsmat

Leiðsagnarmat fer fram jafnt og þétt og byggir á eftirfarandi þáttum; áhugi/frumkvæði, kurteisi/tillitssemi, fyrirmæli/vinnulag, vandvirkni/frágangur og samvinna. Einkunn er gefin að vori og byggir hún á ofangreindum þáttum.

Textílmennt

Markmið í textílmennt er að finna í [Aðalnámskrá grunnskóla](#)

Neðangreind markmið eru þau markmið sem við leggjum aðaláherslu á í vetur.

Meginmarkmið

Að nemendur

- læri að efla verklag , vinnugleði og frumkvæði.
- læri algeng vinnubrögð í mismunandi efni.
- læri helstu hugtök og heiti textílmenntar.
- læri góða umgengni um stofu efni og áhöld.
- læri undirstöðuatriði í meðferð saumavéla.
- læri að prjóna.
- læri útsaumsspor til skreytinga á verkefni sem þeir hafa sjálfir teiknað.

Efnispættir

Vélsaumsæfingar frá Námsgagnastofnun og nemendur sauma t.d. bangsa í saumavél, prjóna garðapryjón og prjóna t.d. föt á bangsann . Mynd saumuð út eftir eigin teikningu.

Leiðir að markmiðu

Innlögn, kenndar þær vinnuaðferðir sem áhersla er lögð á. Í tengslum við **þróunarverkefnið Orð af orði** vinnum við jafnt og þétt með orð og hugtök sem notuð eru í textílmennt. Nemendur safna orðum á veggspjöld og merkja áhöld og efni með skiltum. Nemendur vinna með orð á töflu með aðstoð kennara.

Nemendum þrem til fjórum í senn kennt á saumavélina áður en þeir fara að vinna vélsaumsæfingar.

Lögð áhersla á hvernig er byrjað og endað og að sauma beinan saum.

Nemendur rifja upp algeng útsaumsspor og sauma myndverk eftir eigin teikningu.

Einstaklingskennsla, kennari aðstoðar hvern og einn nemanda þar sem hann er staddur í vinnuferlinu, verkefni aðlöguð að getu hvers og eins.

Hópavinna þegar um samþættingu námsgreina er að ræða og þemadagar standa yfir.

Námsgögn

Kennslugögn og áhöld greinarinnar, bækur, blöð og vinnulýsingar.

Námsmat

Leiðsagnarmat sem fer fram samhliða náminu byggist á eftirfarandi þáttum samkvæmt matskvarða list og verkmennta:

frumkvæði/sköpun, vandvirkni/frágangur, áhugi/iðni, fyrirmæli/vinnulag, tillitssemi/samvinna.

Lokamat er gefið að vori og byggir það á þessum þáttum

Heimanám

Ekkert.

Hönnun og smíði

Markmið í hönnun og smíði er að finna í [Aðalnámskrá grunnskóla](#)

Neðangreind markmið eru þau markmið sem við leggjum aðaláherslu á í vetur.

Meginmarkmið

Að nemendur

- kynnist fleiri hugtökum og heitum tengd greininni
- þjálfist í meðferð og beitingu verkfæra
- þjálfist í réttri líkamsbeitingu við vinnu sína
- þjálfist í vönduðum vinnubrögðum og góðum frágangi
- þjálfist í sjálfstæðri hugsun í hönnun og sköpunarferli
- tileinki sér góða hlustun og eftirtekt
- tileinki sér góða umgengni um efni, áhöld og starfsaðstöðu
- tileinki sér kurteisi, góð samskipti og hjálpsemi

Efnisþættir

Notkun sandpappírs, notkun þjala, notkun raspa, notkun laufsagar, notkun brennipenna, notkun súluborvélar, mismunandi samsetningar, mismunandi yfirborðsmeðferðir, hreyfiorka, stöðuorka, varðveisla orku og framleiðsla rafmagns, smíði á einföldum drifbúnaði sem nýtir sér einhvern aflagjafa, t.d. vindorku, vatnsafl, togkraft eða rafafli.

Leiðir að markmiðum

Í upphafi hvers verkefnis fer fram hópinnlögn. Kynnt eru þau efni og verkfæri sem nota þarf til smíðinnar og þáttur nemenda í mismunandi hönnunarútfærslum verkefnisins. Í tengslum við þróunarverkefnið „Orð af orði“ verður aukin áhersla

lögð á orða- og hugtakainnlögn. Einstakir verkþættir eru útskýrðir með sýnikennslu, ýmist í hóp- eða einstaklingskennslu, eftir því sem hentar hverju sinni. Nemendur gera athuganir á umhverfi sínu og náttúru til að dýpka skilning sinn á inntaki námsgreinarinnar. Í verkefnum nemenda reynir kennari að styðjast við samþættingu annarra námsgreina eins og kostur er.

Námsgögn

Verkfæri smíðastofunnar og ýmiskonar efni.

Námsmat

Leiðsagnarmat fer fram jafnt og þétt og byggir á eftirfarandi þáttum; frumkvæði/sköpun, vandvirkni/frágangur, áhugi/iðni, fyrirmæli/vinnulag, tillitssemi/samvinna. Lokamat er að vori og byggir það á þessum þáttum.

Heimanám

Ekkert.

Tónmennt

Markmið í myndmennt er að finna í [Aðalnámskrá grunnskóla](#)

Neðangreind markmið eru þau markmið sem við leggjum aðaláherslu á í vetur.

Meginmarkmið

Að nemendur

- finni ánægju af að syngja, hlusta á valda tónlist og leika á hljóðfæri
- læri íslensk barnalög og ýmis sönglög
- þjálfist í að syngja hreint og með skýrum framburði
- dýpki tónlistarskynjun með hreyfingu og taktæfingum við hlustun
- fræðist um grundvallaratriði í tónfræði
- fái að leika á skólahljóðfæri, skipulega og í frjálstri sköpun
- hlusti markvisst á tónlist og læri að greina eftir heyrn hljóðfæri og efnisþætti tónlistar
- taki þátt í einstaklings- og hópvinnu við margskonar tónlistarflutning

Efnisþættir

Söngur, markviss hlustun, hreyfing, leikur á hljóðfæri skólastofunnar, vinna í vinnubók og kennslubók.

Leiðir að markmiðum

Hópvinna og samvinna við flutning og sköpun tónlistar, söng, hreyfingu og hljóðfæraleik

Einstaklingsvinna í vinnubók í tónmennt við skrifleg verkefni og hlustun.

Nemendur fá eina kennslustund í viku auk morgunsöngs hálfsmánaðarlega.

Námsgögn

Vinnubækur, kennslubækur og söngbækur samkvæmt árgangi, ýmiskonar viðbótarkennsluefni og hlustunarefni, skólahljóðfæri Tónasagan Karnival dýranna, bók og verkefni.

Námsmat

Leiðsagnarmat fer fram jafnt og þétt og byggir á eftirfarandi þáttum samkvæmt matskvarða list- og verkgreina; frumkvæði/sköpun, vandvirkni/frágangur, áhugi/iðni, fyrirmæli/vinnulag, tillitssemi/samvinna. Lokamat er að vori og byggir það á þessum þáttum.

Heimanám

Ekkert heimanám.

Heimilisfræði

Markmið í heimilisfræði er að finna í [Aðalnámskrá grunnskóla](#)

Neðangreind markmið eru þau markmið sem við leggjum aðaláherslu á í vetur.

Meginmarkmið

Að nemendur

- geti staðsett fæðutegundir í fæðuhring
- geti gert greinarmun á hollum og óhollum drykkjarvörum
- læri að morgunverður er undirstaða vellíðunar og heilbrigðis
- geti mælt í heilum og hálfum dl og notað allar mæliskeiðarnar
- fái þjálfun í að fara eftir einföldum uppskriftum og fyrirmælum
- þekki algengar mjólkurvörur og kynnist ferlinu frá kú til neytanda
- þjálfist í að þvo upp í höndum samkvæmt hreinlætiskröfum og ganga frá vinnusvæðinu sínu
- geti lesið úr upplýsingum á mjólkurumbúðum
- þekki hugtakið umhverfisvernd og einfalda flokkun heimilissorps
- þekki reglur kennslueldhússins og geti farið eftir þeim
- geti unnið í samvinnu við aðra og sýnt þeim kurteisi

Efnisþættir

Reglur í kennslueldhúsi, hollar matarvenjur, fæðuflokkarnir, tengsl heilbrigðis og næringar, hreinlæti og örverur, tannvernd, áhaldafraeði.

Leiðir að markmiðum

Innlögn verkefnis. Verkefnin eru bæði skrifleg og verkleg. Nemendur vinna saman 3 – 4 að verklegum verkefnum. Í hverjum hópi er einn verkstjóri.

Hlutverk verkstjórans er að sjá til þess að allir í hópnum séu virkir þátttakendur. Nemendur skiptast á að vera verkstjórar. Markmið verkstjórahlutverksins er að efla sjálfstæði, frumkvæði og ábyrgð nemenda. Hver hópur ber ábyrgð á frágangi á sínu vinnusvæði. Skrifleg verkefni eru einstaklingsvinna. Í tengslum við þróunarverkefnið Orð af orði er áhersla aukin á orð og hugtök sem tilheyra námsefninu

Námsgögn

Hollt og gott fyrir 3. bekk. Hráefni til matargerðar samkvæmt verkefnavali.

Mat á námsárangri

Leiðsagnarmat fer fram jafnt og þétt og byggir á eftirfarandi þáttum; frumkvæði/sköpun, vandvirkni/frágangur, áhugi/iðni, fyrirmæli/vinnulag, tillitssemi/samvinna. Einkunn er gefin að vori og byggir hún á ofangreindum þáttum.

Heimanám: Ekkert

Skólaíþróttir

Markmið í íþróttum er að finna í [Aðalnámskrá grunnskóla](#)

Neðangreind markmið eru þau markmið sem við leggjum aðaláherslu á í vetur.

Meginmarkmið

Að nemendur

- öðlist stjórn á líkama sínum
- öðlist jákvætt viðhorf til hreyfingar
- öðlist jákvæðari sjálfsmynd
- öðlist meira áræði
- styrki gróf- og fínreyfingar
- öðlist betra þrek og þol

Efnisþættir

Alhliða grunnþjálfun ýmsir leikir og æfingar, þrautabrautir, hringþjálfun, knattleikir, áhöld, frjálssar íþróttir, útihlaup og útivera, stöðvaþjálfun, teygjur og slökun.

Leiðir að markmiðum

Meginmarkmið skólaíþróttar er m.a. að stuðla að alhliða þroska hvers nemanda, efla heilsufar hans og afkastagetu. Markvisst íþróttar- og hreyfinám hefur ekki aðeins góð áhrif á líkamlega heilsu hvers nemanda, heldur hefur það einnig jákvæð áhrif á andlega og félagslega líðan. Eitt af mikilvægari markmiðum skólaíþróttar er að styrkja sjálfsmynd nemenda, auka sjálfstraust þeirra og áræði. Við markmiðasetninguna er tekið mið af þroskaþáttum nemenda: skyn- og hreyfiþroska, líkams- og fagurþroska,

félags-, tilfinninga- og siðgæðisþroska og vitsmunapróska.

Fyrstu skólaárin hafa börn yfirleitt mikla hreyfiþörf, gleðjast yfir hverjum leik og eru með rannsóknarhug. Við skipulagningu kennslunnar þarf að koma til móts við þessa þætti. Leikir og markvissar æfingar, sem stuðla að eflingu skynfæra líkamans og styrkja gróf- og fínhreyfingar, eru þættir sem skipa eiga stóran sess í íþróttakennslu fyrstu skólaárin. Þá skal einnig tengja áður nefnda þætti við markvissa uppbyggingu á almennri líkamshreysti og þreki. Á fyrstu skólaárunum læra börnin smám saman að öðlast stjórn á líkama sínum og mótast sem heilsteyptir einstaklingar.

Hópinnlögn, sýnikennsla, einstaklingsaðstoð. Fjölbreytt kennsla með mikilli áherslu á leiki, jákvæðan aga og að nemendur læri að bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum.

Kennsluefni

Bækur og rit um íþróttir og leiki. Ýmis áhöld smá og stór.

Námsmat

Nauðsynlegt er að nemendur séu látnir taka þátt í stöðluðum prófum til að hægt sé að meta hreysti þeirra og byggja upp kennsluna á markvissan hátt.

Leiðasagnarmat er samofið kennlsunni og er geta nemenda metin jafnóðum Tilgangurinn er að hvetja og örva nemendur.

Lokamat er gefið á vorin og byggir það á stuttum æfingum og prófum þar sem geta nemenda er metin auk þess er framkoma, dugnaður, vinnusemi færni og framfarir eru metnar.

Sund

Markmið í sundi er að finna í [Aðalnámskrá grunnskóla](#)

Neðangreind markmið eru þau markmið sem við leggjum aðaláherslu á í vetur.

Meginmarkmið

Að nemendur

- geti synt 12 metra bringusund
- geti synt 12 metra skólabaksund
- geti synt 12 metra skriðsund
- geti synt 8 metra baksund
- geti kafað eftir hlut á 1,5 metra dýpi

Leiðir að markmiðum

Lögð áhersla á fjölbreyttar undirbúningsæfingar sem leggja grunninn að hinum hefðbundnu sundaðferðum. Í þessum æfingum er leitast við að ná tökum á að fljóta á bringu og baki, læra öndun og slaka á í vatninu, kafa eftir hlutum á botni laugar, fara í leiki sem efla þessa þætti. Að nemendur læri og æfi sundtökin jafnhliða því sem upp er talið.

Námsmat

Leiðsagnarmat fer fram jafnt og þétt er hugsað til að hvetja og örva nemendur á meðan á vinnunni stendur.

Lokamat er gefið að vori og byggist það á ástundun framkomu og virkni í tímum ásamt mati á því hvort nemendur hafi náð markmiðum vetrarins. Tekið verður fram ef nemandi þarfnast frekari þjálfunar.

Dans

Markmið í dansi er að finna í [Aðalnámskrá grunnskóla](#).

Neðangreind markmið eru þau markmið sem við leggjum aðaláherslu á í vetur.

Meginmarkmið

Að nemendur

- geti tjáð með hreyfingum persónulega upplifun sína á tónlist
- geti dansað einföld spor í nokkrum dönsum
- kunni skil á hægri og vinstri, hæl og ták og fram og aftur
- viti hvaða dans fellur að þeirri tónlist sem leikin er hverju sinni
- viti hvenær og á hvaða slætti í tónlistinni dansinn getur hafist
- kunni mismunandi dansstöður og hald
- læri að bjóða upp dans

Efnisþættir

Cha cha frumspor og new yorker, enskur vals, jive frumspor, samba frumspor, klappenade með chasse, vínarkrus með chasse, stígninn skottís, party polki, línudansar, tískudansar, dans ársins, ýmsir dansleikir.

Leiðir að markmiðum

Nemendur bæði dansa saman og eiga þá að bjóða upp og einstaklingslega þegar það á við. Farið verður í hina ýmsu dansleiki þar sem nemendur virkja ímyndunarafli sitt og sköpunargleði.

Námsgögn

Ýmis tónlist.

Námsmat

Leiðsagnamat fer fram jafnt og þétt og er framkoma og virkni metin

Heimanám

Ekkert sérstakt heimanám en nemendur hvattir til að æfa heima ný spor.

Útikennsla

Meginmarkmið

Að nemandi

- noti öll skilningarvit sín, þ.e. að hlusta, horfa, snerta og lykta
- njóti útiveru og hreyfingar
- kynnist nánasta umhverfi sínu og efli vitund og virðingu fyrir því
- læri að vinna með öðrum í leik og starfi
- efli félagsfæri sína

Efnisþættir

Stærðfræði, náttúrufræði, samfélagsfræði, íslenska, kristinfræði, samskipti, leikir, hópefli, útivist, umhverfisvitund o.fl.

Leiðir að markmiðum

Farið er út með allan árganginn í einu og unnið með ýmis verkefni sem tengjast námsefninu hverju sinni í samræmi við námsmarkmið Aðalnámskrár grunnskóla. Ýmist er unnið einstaklingslega eða í smáum hópum. Unnið er nánar/ítarlegar með ýmis verkefni síðar í skólanum.

Námsmat

Leiðsagnarmat er notað til að hvetja nemendur og örva. Fylgst er með virkni og áhuga nemenda og fléttast matið inn í umsagnir í öðrum fögum.

Heimanám

Fylgjast með veðurfréttum og klæða sig eftir veðri.

Sérkennsla

Sérkennsla er eitt af kennslutilboðum skólans til að koma til móts við ólíkar þarfir nemenda sinna.

Í skólanum er starfrækt námsver. Hlutverk þess er að styðja við nemendur og kennara. Í námsveri starfar sérkennari, kennari, talkennari, þroskaþjálfari og stuðningsfulltrúi. Nemendur fá sérkennslu ýmist í námsveri eða á vinnusvæðum þeirra. Þar er boðið upp á:

- sérkennslu fyrir nemendur sem geta ekki fylgt árganganámskrá og er kennt samkvæmt einstaklingsnámskrá
- stuðning við nemendur sem þurfa tímabundna aðstoð utan bekkjar
- félagsfærniþjálfun
- kennslu í íslensku fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku

Talkennari skólans er Heba Hallsdóttir. Hún sér um talkennslu fyrir nemendur skólans. Heba starfar í Breiðagerðisskóla á þriðjudögum og er þá einnig til viðtals og veitir ráðgjöf fyrir þá foreldra sem þess óska.

Deildarstjóri sérkennslu hefur umsjón með námsveri.

Deildarstjóri sérkennslu sér um ýmis próf og kannanir sem gerðar eru í skólanum í samvinnu við umsjónarkennara. Ennfremur leggur hann fyrir greinandi próf í lestri, stærðfræði og málþroska fyrir einstaka nemendur.

Foreldrar eru hvattir til að leita aðstoðar hans óski þeir eftir því.

Deildarstjóri sérkennslu er Kristín Pétursdóttir.

Þau próf sem lögð eru fyrir 3. bekk eru:

- Hraðlestrarpróf á haust- og vorönn
- Lesskilningspróf á haust- og vorönn
- Talnalykill, samræmd skimun í stærðfræðikunnáttu í Reykjavík.